

**Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar**  
**Sigríður Kristjánsdóttir formaður**



**Skóla- og tómstundasvið**  
**Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri**  
[margreth@isafjordur.is](mailto:margreth@isafjordur.is)

Ísafirði 14. júní 2016

Ágætu skólayfirvöld í Ísafjarðarbæ

Nú á vorönn 2016 hefur móðurmálskennsla verið í boði fyrir pólskumælandi börn á öllum grunnskólastigum á Suðureyri og á yngsta stigi og miðstigi við Grunnskólann á Ísafirði. Á Suðureyri var kennslan hluti af sjálfu skólastarfinu og fór fram á skólatíma en á Ísafirði var kennt á laugardögum og námið því val nemenda og foreldra þeirra en var engu að síður afar vel sótt.

Þetta tilraunaverkefni var kostað af Rótum, félagi áhugafólks um menningarfjölbreytni sem fékk til þess styrk frá Velferðarráðuneytinu en var jafnframt unnið í samstarfi og samráði við Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar, grunnskólana á Suðureyri og Ísafirði og félag Pólverja á Vestfjörðum. Háskólasetur Vestfjarða annaðist umsjón með verkefninu fyrir hönd Velferðarráðuneytisins.

Nú þegar verkefninu er lokið teljum við rétt að kynna skólayfirvöldum í sveitarfélaginu hvernig til hafi tekist og er lokaskýrsla um það meðfylgjandi til nánari skoðunar.

Markmið verkefnisins var tvíþætt, annars vegar að styrkja nemendur faglega í móðurmáli sínu en um leið að þroska með þeim félagslegan styrk og sjálfstraust sem fullgildum meðlimum íslensks samfélags sem nýtur aukinnar fjölbreytni vegna bakgrunns þeirra.

Framfarir voru í grófum dráttum metnar út frá orðaforða, lesskilningi, málfræði, stafsetningu og þekkingu á pólskri menningu. Verulegar framfarir urðu í öllum þáttum. Ánægjukönnun var gerð meðal foreldra og voru niðurstöðurnar á einn veg, ánægja með kennsluna og framfarir barnanna sem og eindregnar óskir um áframhaldandi kennslu næsta vetur.

Rætur lögðu að sjálfsögðu upp með verkefnið í þeirri von að það yrði skref í þá átt að tryggja öllum börnum móðurmálskennslu í grunnskólum óháð bakgrunni þeirra. Þekking á mikilvægi móðurmáls fyrir annan mál- og námsþroska hefur verið að aukast á undanförunum árum og það er brýnt að skólaumhverfið bregðist við í því ljósi.

Það er Rótum því alveg sérstakt gleðiefni að nú hafi verið ákveðið að Grunnskólinn á Suðureyri veiti öllum sínum nemendum þessa þjónustu næsta haust, þ.e. að auk íslensku verði pólska og tælenska kenndar sem móðurmál við skólann. Það tekst m.a. með tilstilli fyrirtækis á staðnum sem kostar kennslu í tælensku.

Um leið og Rætur þakka gjöfult samstarf við Skóla- og tómstundasvið og annað skólafólk í sveitarfélaginu viljum við skilja eftir hjá ykkur, sem berið svo ríka ábyrgð á framtíð barnanna sem nú vaxa úr grasi, þá frómu ósk að mjór sé mikils vísir í þessu tilliti. Við vonum að þessi litla tilraun sem hefur notið svo mikils velvilja og vakið vonir hjá svo mörgum, verði ekki í baksýnispeglinum stakur viðburður í eina önn heldur upphafið að því að helst öll börn í sveitarfélaginu njóti móðurmálskennslu.

Aðkomufólk erlendis frá þarf að kljást við margar og erfiðar áskoranir í hversdagslífinu, umfram dagleg viðfangsefni okkar sem erum borin og barnfædd hér á landi og börn úr slíkum aðstæðum geta auðveldlega staðið höllum fæti. Það kemur hins vegar öllum til góða að aðkomufólkið okkar og börn þess nái sem best – og sem fyrst – góðri fótfestu í vestfirsku samfélagi. Eðlilegur þroski, framfarir og vellíðan skólabarna eru þar grundvallaratriði.

Við hvetjum ykkur því eindregið til að leita allra úrræða til að börnin í sveitarfélaginu geti notið móðurmálskennslu.

Með bestu kveðjum og velfarnaðaróskum  
f.h. Róta, félags áhugafólks um menningarfjölbreytni

  
Ingibjörg Daníelsdóttir og Ólöf Bergmannsdóttir

verkefnastjórar tilraunaverkefnis um móðurmálskennslu innflytjenda

Afrit:

Grunnskólinn á Ísafirði

Grunnskólinn á Suðureyri